

# Heiðursmerki Hrossaræktarsambands Vesturlands



Á fundi sínum, 5. apríl, 2011, samþykkti stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands eftirfarandi: (sjá fundargerð nr. 101).

Stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands ákvað að gert verði heiðursmerki, sem sæma megi félagsmenn eða aðra í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf á sviði félags- og ræktunarstarfs. Um heiðursmerkið skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. gr. Heiðursmerkið er hringlaga, gullhúðaður sinkflötur, 19 mm. að þvermáli og á hann dregið nafn, merki Hrossaræktarsambands Vesturlands og stofnár.
2. gr. Heiðursmerki þetta má sæma þá sem þess þykja verðir vegna starfa sinna að félagsmálum og ræktunarstarfi í þágu framfara í hrossarækt á starfssvæði sambandsins.
3. gr. Formaður veitir heiðursmerkið og heiðursskjál sem því fylgir.
4. gr. Stjórn Hrossaræktarsambands Vesturlands gerir tillögur um veitingu heiðursmerkisins og heiðursskjals.
5. gr. Engan má sæma heiðursmerkinu nema stjórnarmenn séu allir samþykkir því og sérstök ástæða þyki til.
6. gr. Eigi má veita fleiri heiðursmerki árlega en fimm og aldrei færri en eitt. Veiting heiðursmerkja skal að jafnaði fara fram á haustfundi Hrossaræktarsambands Vesturlands, þó getur stjórn ákveðið að veita heiðursmerki einnig við önnur tækifæri.  
Stjórnin skal skrá í fundargerð nöfn þeirra sem sæmdir eru heiðursmerkinu og hvenær það er veitt. Enn fremur skal skrá þar tilefni veitingarinnar sömu orðum og skráð eru á heiðursskjalið.
7. gr. Á heiðursskjál, sem fylgir heiðursmerkinu, skal rita nafn þess er merkið hlýtur og tilefni veitingarinnar. Heiðursskjalið skal undirritað af formanni og stjórnarmönnum Hrossaræktarsambands Vesturlands.

Hrossaræktarsambands Vesturlands ber allan kostnað af heiðursmerki þessu.

Gjört í Borgarnesi, 1. apríl 2011.